með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1981 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr N,N-metýlenbismorfólíni, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 6 og 13 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1982 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja hexaflúmúrón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 frá 4. nóvember 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12nns (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1759) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnt. **32015 R 1981**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1981 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr N,N-metýlenbismorfólíni, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 6 og 13 (Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2016, bls. 9).

12nnu. **32015 R 1982**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1982 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja hexaflúmúrón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 13).

12nnv. **32015 D 1985**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 frá 4. nóvember 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru (OJ L 289, 5.11.2015, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2015/1981 og (ESB) 2015/1982 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1985, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 9.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 13.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2016

2017/EES/45/19

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2030 frá 13. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (¹).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2030**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2030 frá 13. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 1).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2030, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(¹) Stjútíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2016

2017/EES/45/20

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1936 frá 8. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1958 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1959 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun (ESB) 2015/1958 fellir niður tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EBE ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Ákvörðun (ESB) 2015/1959 fellir niður tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EBE ⁽⁵⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/656/ESB):

„1zzg. **32015 D 1936**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1936 frá 8. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjttíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 34).

1zzh. **32015 D 1958**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1958 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 181).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 34.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 181.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 184.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 254, 8.10.1996, bls. 59.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 198, 25.7.1997, bls. 33.

- 1zzi. **32015 D 1959**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1959 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stj.íð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 184).“
2. Texti liðar 1f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB) og liðar 1n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/1936, (ESB) nr. 2015/1958 og (ESB) nr. 2015/1959, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2016

2017/EES/45/21

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2115 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar formamíð ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2116 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar bensísóþíasólínón ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2117 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar klórmetylísóþíasólínón og metýlísóþíasólínón, bæði stakt efni og í hlutfallinu 3:1 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 L 2115:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2115 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 17),
- **32015 L 2116:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2116 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 20),
- **32015 L 2117:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2117 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/2115, (ESB) nr. 2015/2116 og (ESB) nr. 2015/2117, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 17.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 20.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2016

2017/EES/45/22

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/210 frá 10. febrúar 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008) í XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 0210:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/210 frá 10. febrúar 2015 (Stjútíð. ESB L 35, 11.2.2015, bls. 16).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/210, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 35, 11.2.2015, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2016**2017/EES/45/23****frá 5. febrúar 2016****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins s 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (endurúttefni) ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun 2013/29/ESB fellir niður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB ⁽²⁾ sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Í stað texta 4. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB) í XXIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn kemur eftirfarandi:

„**32013 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (endurúttefni) (Stjútð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/29/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27.⁽²⁾ Stjútð. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2016

2017/EES/45/24

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 518/2014 frá 5. mars 2014 um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012, (ESB) nr. 874/2012, (ESB) nr. 665/2013, (ESB) nr. 811/2013 og (ESB) nr. 812/2013 að því er varðar merkingu orkutengdra vara á Netinu ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 60.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 4c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012), 4e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012), 4i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010), 4j (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010), 4k (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010), 4l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010), 4m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011), 4n (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013), 4s (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013) og 4t (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013) í IV. kafla II. viðauka EES-samningsins:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0518:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 518/2014 frá 5. mars 2014 (Stjútíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 60.“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 11c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012), 11e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012), 11i (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010), 11j (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010), 11k (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010), 11l (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010), 11m (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011), 11n (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013), 11s (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013) og 11t (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013) í IV. viðauka EES-samningsins:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0518:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 518/2014 frá 5. mars 2014 (Stjútíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 60.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 518/2014, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 60, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2016

2017/EES/45/25

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 frá 24. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi ⁽²⁾.
- 3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 61. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1253/2014) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „6m. **32015 R 1185:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 frá 24. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 1).
- 6n. **32015 R 1189:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 100).“

2. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 26m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2014) í IV. viðauka við EES-samninginn:

- „26n. **32015 R 1185:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1185 frá 24. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun staðbundinna rýmishitara sem nota eldsneyti í föstu formi (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 1).
- 26o. **32015 R 1189:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1189 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun katla fyrir eldsneyti í föstu formi (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 100).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/1185 og (ESB) 2015/1189, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 100.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2016

2017/EES/45/26

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/435/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 32.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/436/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Abengoa RED Bioenergy Sustainability Assurance“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/437/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/438/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „International Sustainability and Carbon Certification“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/439/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Bonsucro EU“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/440/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Round Table on Responsible Soy EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/441/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Greenergy Brazilian Bioethanol verification programme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 73.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 75.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 77.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 79.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 81.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 83.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 85.

- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/210/ESB frá 23. apríl 2012 um viðurkenningu á áætluninni „Ensus voluntary scheme under RED for Ensus bioethanol production“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 98/70/EB hafi verið fylgt ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/395/ESB frá 16. júlí 2012 um viðurkenningu á „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/432/ESB frá 24. júlí 2012 um viðurkenningu á áætluninni „REDcert“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/452/ESB frá 31. júlí 2012 um viðurkenningu á áætluninni „NTA 8080“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/722/ESB frá 23. nóvember 2012 um viðurkenningu á áætluninni „Roundtable on Sustainable Palm Oil RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/256/ESB frá 30. maí 2013 um viðurkenningu á reiknitólinu „Biograce GHG“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹³⁾.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/6/ESB frá 9. janúar 2014 um viðurkenningu á „HVO Renewable Diesel Scheme for Verification of Compliance with the RED sustainability criteria for biofuels“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁴⁾.
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/324/ESB frá 3. júní 2014 um viðurkenningu á „Gafta Trade Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 98/70/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁵⁾.
- 16) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/325/ESB frá 3. júní 2014 um viðurkenningu á „KZR INiG System“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁶⁾.
- 17) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/666/ESB frá 17. september 2014 um viðurkenningu á „Trade Assurance Scheme for Combinable Crops“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁷⁾.

⁽⁸⁾ Stjúd. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 42.

⁽⁹⁾ Stjúd. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 62.

⁽¹⁰⁾ Stjúd. ESB L 199, 26.7.2012, bls. 24.

⁽¹¹⁾ Stjúd. ESB L 205, 1.8.2012, bls. 17.

⁽¹²⁾ Stjúd. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 53.

⁽¹³⁾ Stjúd. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 46.

⁽¹⁴⁾ Stjúd. ESB L 5, 10.1.2014, bls. 3.

⁽¹⁵⁾ Stjúd. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 53.

⁽¹⁶⁾ Stjúd. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 56.

⁽¹⁷⁾ Stjúd. ESB L 276, 18.9.2014, bls. 49.

- 18) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/667/ESB frá 17. september 2014 um viðurkenningu á „Universal Feed Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁸⁾.
- 19) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/887 frá 9. júní 2015 um viðurkenningu á áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB ⁽¹⁹⁾.
- 20) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „6aa. **2011 D 0435:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/435/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 73), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 32.
- 6ab. **2011 D 0436:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/436/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Abengoa RED Bioenergy Sustainability Assurance“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 75).
- 6ac. **2011 D 0437:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/437/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á „Biomass Biofuels Sustainability voluntary scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 77).
- 6ad. **2011 D 0438:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/438/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „International Sustainability and Carbon Certification“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 79).
- 6ae. **2011 D 0439:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/439/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Bonsucro EU“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 81).
- 6af. **2011 D 0440:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/440/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Round Table on Responsible Soy EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 83).
- 6ag. **2011 D 0441:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/441/ESB frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni „Greenergy Brazilian Bioethanol verification programme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 85).

⁽¹⁸⁾ Stjttíð. ESB L 276, 18.9.2014, bls. 51.

⁽¹⁹⁾ Stjttíð. ESB L 144, 10.6.2015, bls. 17.

- 6ah. **2012 D 0210:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/210/ESB frá 23. apríl 2012 um viðurkenningu á áætluninni „Ensus voluntary scheme under RED for Ensus bioethanol production“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 98/70/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 42).
- 6ai. **2012 D 0395:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/395/ESB frá 16. júlí 2012 um viðurkenningu á „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 62).
- 6aj. **2012 D 0432:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/432/ESB frá 24. júlí 2012 um viðurkenningu á áætluninni „REDcert“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð.ESB L 199, 26.7.2012, bls. 24).
- 6ak. **2012 D 0452:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/452/ESB frá 31. júlí 2012 um viðurkenningu á áætluninni „NTA 8080“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 205, 1.8.2012, bls. 17).
- 6al. **2012 D 0722:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/722/ESB frá 23. nóvember 2012 um viðurkenningu á áætluninni „Roundtable on Sustainable Palm Oil RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 53).
- 6am. **2013 D 0256:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/256/ESB frá 30. maí 2013 um viðurkenningu á reiknitólinu „Biograce GHG“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 46).
- 6an. **2014 D 0006:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/6/ESB frá 9. janúar 2014 um viðurkenningu á „HVO Renewable Diesel Scheme for Verification of Compliance with the RED sustainability criteria for biofuels“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 5, 10.1.2014, bls. 3).
- 6ao. **2014 D 0324:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/324/ESB frá 3. júní 2014 um viðurkenningu á „Gafta Trade Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 98/70/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 53).
- 6ap. **2014 D 0325:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/325/ESB frá 3. júní 2014 um viðurkenningu á „KZR INiG System“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 56).
- 6aq. **2014 D 0666:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/666/ESB frá 17. september 2014 um viðurkenningu á „Trade Assurance Scheme for Combinable Crops“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð. ESB L 276, 18.9.2014, bls. 49).
- 6ar. **2014 D 0667:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/667/ESB frá 17. september 2014 um viðurkenningu á „Universal Feed Assurance Scheme“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjttíð ESB. L 276, 18.9.2014, bls. 51).

6as. **32015 D 0887**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/887 frá 9. júní 2015 um viðurkenningu á áætluninni „Scottish Quality Farm Assured Combinable Crops Limited“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/427/ESB (Stjtið ESB. L 144, 10.6.2015, bls. 17).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 41. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„Vísað er til ákvarðana um viðurkenningu áætlana til að sýna fram á að viðmiðum um sjálfbærni skv. tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt í XVII. kafla II. viðauka.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2011/435, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 32, 2011/436/ESB, 2011/437/ESB, 2011/438/ESB, 2011/439/ESB, 2011/440/ESB, 2011/441/ESB, 2012/210/ESB, 2012/395/ESB, 2012/432/ESB, 2012/452/ESB, 2012/722/ESB, 2013/256/ESB, 2014/6/ESB, 2014/324/ESB, 2014/325/ESB, 2014/666/ESB, 2014/667/ESB og (ESB) 2015/887, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2016

2017/EES/45/27

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Liðirnir undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ og „II. VERNDUN VIÐBÓTARLÍFEYRISRÉTTINDA“ í VI. viðauka við EES-samninginn skulu endurtölusettir til hagræðingar.
- 2) Ákvörðun nr. S10 ⁽¹⁾ kom í stað ákvörðunar S7 frá 22. desember 2009 ⁽²⁾, sem báðar hafa verið felldar inn í EES-samninginn, og því ber að fella tilvísun til ákvörðunar nr. S7 brott úr EES samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðirnir undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ breytast sem hér segir:
 - i) Liðir 3.1 (ákvörðun nr. A1), 3.2 (ákvörðun nr. A2) og 3.3 (ákvörðun nr. A3) eru endurtölusettir sem liðir 3.A1, 3.A2 og 3.A3.
 - ii) Liðir 4.1 (ákvörðun nr. E1), 4.2 (ákvörðun nr. E2) og 4.3 (ákvörðun nr. E4) eru endurtölusettir sem liðir 3.E1, 3.E2 og 3.E4.
 - iii) Liður 5.1 (ákvörðun nr. F1) er endurtölusettur sem liður 3.F1.
 - iv) Liðir 6.1 (ákvörðun nr. H1), 6.2 (ákvörðun nr. H2), 6.3 (ákvörðun nr. H3), 6.4 (ákvörðun nr. H4), 6.5 (ákvörðun nr. H5) og 6.6 (ákvörðun nr. H6) eru endurtölusettir sem liðir 3.H1, 3.H2, 3.H3, 3.H4, 3.H5 og 3.H6.
 - v) Liður 7.1 (ákvörðun nr. P1) er endurtölusettur sem liður 3.P1.
 - vi) Liður 7.2 (ákvörðun nr. R1) er endurtölusettur sem liður 3.R1.
 - vii) Liðir 8.1 (ákvörðun nr. S1), 8.2 (ákvörðun nr. S2), 8.3 (ákvörðun nr. S3), 8.5 (ákvörðun nr. S5), 8.6 (ákvörðun nr. S6), 8.8 (ákvörðun nr. S8) og 8.9 (ákvörðun nr. S10) eru endurtölusettir sem liðir 3.S1, 3.S2, 3.S3, 3.S5, 3.S6, 3.S8 og 3.S10.
 - viii) Texti liðar 8.7. (ákvörðun nr. S7) fellur brott.
 - ix) Liður 8.4 (ákvörðun nr. S9) er endurtölusettur sem liður 3.S9.
 - x) Liðir 9.1 (ákvörðun nr. U1), 9.2 (ákvörðun nr. U2), 9.3 (ákvörðun nr. U3) og 9.4 (ákvörðun nr. U4) eru endurtölusettir sem liðir 3.U1, 3.U2, 3.U3 og 3.U4.

⁽¹⁾ Stjtð. ESB C 152, 20.5.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtð. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 8.

2. Liðirnir undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA TILLIT TIL“ breytast sem hér segir:
- i) Liður 10.1 (tilmæli nr. P1) er endurtölusettur sem liður 4.P1.
 - ii) Liðir 11.1 (tilmæli nr. U1) og 11.2 (tilmæli nr. U2) eru endurtölusettir sem liðir 4.U1 og 4.U2.
 - iii) Liður 11.3 (tilmæli nr. S1) er endurtölusettur sem liður 4.S1.
3. 12. liður (tilskipun ráðsins 98/49/EB) og 13. liður (tilskipun 2014/50/ESB) undir fyrirsögninni „II. VERNDUN VIÐBÓTARLÍFEYRISRÉTTINDA“ eru endurtölusettir sem 5. og 6. liður.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2016

2017/EES/45/28

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1136 frá 13. júlí 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 402/2013 um sameiginlega öryggisaðferð um mat og úttekt á áhættu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 42ej (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 402/2013) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 R 1136**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1136 frá 13. júlí 2015 (Stjtíð. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1136, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB 185, 14.7.2015, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 29/2016

2017/EES/45/29

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2340 frá 15. desember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2341 frá 15. desember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2342 frá 15. desember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽³⁾.
- 4) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB):

„– **32015 R 2342:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2342 frá 15. desember 2015 (Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 18).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB):

„– **32015 R 2341:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2341 frá 15. desember 2015 (Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 16).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB):

„– **32015 R 2340:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2340 frá 15. desember 2015 (Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/2340, (ESB) nr. 2015/2341 og (ESB) nr. 2015/2342, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 14.

(²) Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 16.

(³) Stjttð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2016

2017/EES/45/30

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1311/2014 frá 10. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar skilgreiningu á INSPIRE-lýsigagnastaki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1312/2014 frá 10. desember 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnaþjónustu ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1jc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009) frá og með 31. desember 2017:

„– **32014 R 1311:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1311/2014 frá 10. desember 2014 (Stjttíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 6).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1je (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010):

„– **32014 R 1312:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 1312/2014 frá 10. desember 2014 (Stjttíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 8).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Að því er EFTA-ríkin varðar ber að skilja dagsetninguna sem vísað er til í gr. 14a þannig að um sé að ræða þriggja ára tímabil til viðbótar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 1311/2014 og (ESB) 1312/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 6.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2016

2017/EES/45/31

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1480 frá 28. ágúst 2015 um breytingar á nokkrum viðaukum við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB og 2008/50/EB um reglur varðandi tilvísunaraðferðir, fullgildingu gagna og staðsetningu sýnatökustaða vegna mats á gæðum andrúmslofts⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

